

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 5. fundur.

að Hlíðavegi 6, 31. ágúst 2006, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá Sýslumanni þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á leyfi til handa Jóni Illugasyni f.h. Eldár til reksturs gistingar að Helluhrauni 15 og 16.
3. Erindi frá Landsneti ósk um framkvæmdaleyfi vegna lagningar ljósleiðara.
4. Trúnaðarmál.
5. Erindi frá Landsvirkjun þar sem kynnt eru áform um borun þriggja mæliholna á Kröflusvæðinu.

Til kynningar.

- Bréf frá UST dags. 17. ágúst Hrafninnunám úr Hrafninnuhrygg.
Bréf frá UST dags. 23. ágúst Hrafninnunám úr Hrafninnuhrygg.
Bréf frá Landgræðslunni dags. 28. ágúst vegna Dettifossvegur.
Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga dags. 28. ágúst.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Dagbjört Bjarnadóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 5 yrði bætt á dagskrána einnig tveim bréfum til kynningar.
Samþykkt samhljóða.

2. Erindi frá Sýslumanni þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á leyfi til handa Jóni Illugasyni f.h. Eldár til reksturs gistingar að Helluhrauni 15 og 16.

Borist hefur bréf frá Sýslumanni dags. 21. ágúst þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar Skútustaðahrepps á leyfi til handa Jóni Illugasyni f.h. Eldár til reksturs gistingar á einkaheimili að Helluhrauni 15 og Helluhrauni 16. Í Helluhrauni 15 er óskað eftir að bæta við einu herbergi. Í Helluhrauni 16 er óskað eftir leyfi fyrir þremur herbergjum.
Erindinu er frestað vegna formgalla.

3. Erindi frá Landsneti ósk um framkvæmdaleyfi vegna lagningar ljósleiðara.

Borist hefur bréf frá Landsneti dags. 25. ágúst, þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi vegna lagningar ljósleiðara frá Kröflu austur að Jökulsá. Landsnet hyggst leggja ljósleiðara milli nokkurra tengivirkja í flutningskerfi sínu á Norður og Austurlandi. Tilgangur framkvæmdarinnar ef fyrst og fremst að endurbæta fjarskiptasamband milli tengiveikja Landsnets og auka með því öryggi í rekstri raforkuflutningskerfisins. Frá tengivirki í Fljótsdal yrði ljósleiðari lagður að Kröflu. Meðfylgjandi er uppdráttur sem sýnir lagnaleiðina í megindrættum. Áformað er að ljósleiðarinn fylgi vegi frá Kröflu að Jökulsá á Fjöllum, en farið yfir Jökulsá á brúnni. Fram kemur í bréfinu að Landsnet hafi sent Skipulagsstofnun bréf varðandi ljósleiðaranalögnina. Að mati Skipulagsstofnunar er lagning ljósleiðara skipulagsskyld framkvæmd.
Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að leita meðmæla Skipulagsstofnunar.

4. Trúnaðarmál.

Fært í trúnaðarmálabók.

5. Erindi frá Landsvirkjun þar sem kynnt eru áform um borun þriggja mæliholna á Kröflusvæðinu.

Borist hefur bréf frá Landsvirkjun dags. 30. ágúst, þar sem kynnt eru áform Landsvirkjunar um borun þriggja grunnra mæliholna á Kröflusvæðinu. Um er að ræða þrjár 60-80 m. djúpar jarðskjálfta- og vatnsborðsmæliholur. Staðsetning holanna er sýnd á m.f. korti. Þær eru allar innan jarðhitaréttindasvæðis Landsvirkjunar og á svæði sem skilgreint er sem iðnaðarsvæði á gildandi aðalskipulagi. Jafnframt verða þær boraðar á vegslóðum/borplani sem eru fyrir hendi. Markmið verkefnisins er að koma fyrir svokölluðum smáskjálftamælum eða jarðskjálftamælum næglilega djúpt til að losna að mestu við truflanir á yfirborði án þess að lenda í of miklum hita. Væntingar standa til að upplýsingar frá mælunum geti gefið viðbótar upplýsingar um ýmsa jarðfræðilega þætti sem mikilvægir eru fyrir

jarðhitavinnslu, svo sem lekar sprungur og staðsetningu á kvikuhólfi. Til viðbótar gætu rannsóknirnar veitt upplýsingar um mögulegar jarðhræringar með meiri fyrirvara en núverandi jarðskjálftamælingar. Jafnframt munu holurnar veita upplýsingar um vatnsborð á svæðinu og veita þannig mikilvægar upplýsingar um grunnvatnsstöðu fyrir grunnvatnslíkan sem verið er að endurmeta um þessar mundir.

Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leiti ekki athugasemdir við framkvæmdina.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Böðvar Pétusson.